

58. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn miðvikudaginn 10. febrúar 2016

Fundargerð

Fundurinn haldinn í fundarsal Mannvits á Egilsstöðum og í síma og hófst fundur kl. 14:00

Mættir stjórnarmenn á staðnum: Gunnar Jónsson (GJ), Sveinn Jónsson (SJ), Sigrún Blöndal (SB), Sæunn Stefánsdóttir (ST)

Mættir stjórnarmenn í síma: Berglind Häsler (BH), Gauti Jóhannesson (GJ),

Fjarverandi voru sem afboðuðu sig: Karl Lauritzson (KL), Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB), Adolf Guðmundsson (AG)

Mættir starfsmenn í síma: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð og Guðrún Jónsdóttir (GJ)

Mættir gesti í dagskrálið nr. 2: Þórarinn Sólmundarson sérfræðingur af skrifstofu mennta- og vísinda

Dagskrá:

1. Samþykkt síðustu fundargerðar
2. Framlög til fræðslumála frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu
 - Gestur fundarins er Þórarinn Sólmundarson sérfræðingur af skrifstofu mennta- og vísindamála hjá ráðuneytinu.
3. Styrkir í Evrópusamstarfi, "EPSON-byggðáþróunar"
4. Drög að samningum við sveitarfélög og bréf til kynningar
5. Fjármál 2016 þróun útgjalda
6. Hagtölur/Hagvísar Austurlands
7. Önnur mál
 - Fundartími
 - Erindi frá Seyðisfirði

Gunnar Jónsson setti fundinn og bauð alla velkomna bæði þá sem eru í síma vegna ófærðar sem og þá sem komust á staðinn.

1) Samþykkt síðustu fundargerðar

Fundargerð 57 staðfest og verður undirrituð á næsta fundi.

2) Framlög til fræðslumála frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu

GJ bauð gest fundarins Þórarinn Sólmundarson, sérfræðing af skrifstofu vísinda- og mennta hjá menntamálaráðuneytinu velkominn. GJ fór yfir ástæðu þess að stjórn Austurbrúar óskaði eftir komu hans á fundinn. Mikil vinna hefur verið lögð í það innan Austurbrúar að rýna þá þjónustubætti sem stofnunin hefur með höndum skv. samningum við ríki og sveitarfélög ekki sýst í ljósi þeirrar fjárhagslegu stöðu sem stofnunin hefur verið í. Stofnunin hafi safnað upp tapi frá stofnun þar sem framlög í málaflokka hennar hafi ekki verið í samræmi við þjónustustig sem henni hefur verið gert að halda uppi. JÁÐ fór yfir þá starfsáætlun sem Austurbrú hefur lagt fram í háskóla- og símenntunarmálum og send var ráðuneytinu í janúar 2016 ásamt fjárhagsáætlun Austurbrúar. Þórarinn þakkaði kærlega fyrir boðið á fundinn og fór yfir að miklar og gagnlegar upplýsingar hafi verið sendar ráðuneytinu í tengslum við þessa skoðun og rýni á stöðunni hjá Austurbrú. Töluverðar umræður voru um aðstæður á Austurlandi til menntunar, þörf og þróun á svæðinu og mikilvægi þess að gott samstarf sé á milli ráðuneytisins og Austurbrúar í málaflokknum. Þórarinn lagði áherslu á að mikilvægt væri að vinna áfram á þessari braut sem mörkuð hefur verið endurskipulagningu Austurbrúar. Þær greiningar og upplýsingar sem borist hafi ráðuneytinu sem og ábendingar í hinum ýmsu málaflokkum sem tengist verksviði Austurbrúar kæmu sér vel í þeirri endurskipulagningu og skoðun sem sífellt er í gangi innan ráðuneytisins.

Fyrir liggir að vinna þurfi af hálfu beggja aðila við að endurmeta fjárþörf stofnunarinnar út frá því þjónustustigi sem hún heldur uppi með dreifsettri þjónustu á Austurlandi. Þá þurfi að greina þá fjárhagslegu vöntun sem hefur verið inn í fræðslumálaflokkinn frá stofnun Austurbrúar og fjalla um hann sérstaklega. Vinna við undirbúning fjárlagagerðar 2017 væri í gangi og þyrfti að koma tillögum um framlög til stofnunarinnar inn til ráðuneytis á næstu vikum. Þórarinn boðaði aukna samvinnu við Austurbrú og aukið samtal við framkvæmdastjóra um hvernig væri hægt að vinna að málum í framhaldi fundar.

Stjórn þakkaði Þórarinnir kærlega fyrir komuna austur á fundinn.

3) Styrkir í Evrópusamstarfi, "EPSON-byggðapróunar"

JÁÐ fór yfir kynningarfund sem starfsmaður Austurbrúar sótti í tengslum við styrki undir EPSON áætluninni. SS og JÁÐ fóru yfir að mikilvægt væri að skoða til hlítar hvaða sjóði væri hægt að sækja í og með hvaða hætti væri hægt að stofna til samstarfs við mismunandi aðila þar sem styrkir standi undir eðlilegum kostnaði verkefna. JÁÐ og SS fóru yfir verkefnatillögu að samstarfsverkefni á milli Stofnun rannsóknarsetra og Austurbrúar er snýr að rannsóknum tengt ferðaþjónustunni.

Stjórn felur JÁÐ að eiga samtal við rektor HA um samstarfsfleti tengt hagnýtum rannsóknum á Austurlandi.

4) Drög að samningum við sveitarfélög og bréf til kynningar

GJ fór yfir drög að samningi og bréfi til sveitarfélaga í tengslum við árlegan samning við þau.

Stjórn samþykkir að bréfið og samningurinn fari til sveitarfélaga sem lið í að auka umræðuna um hvernig aðkomu sveitarfélagana að þessum málum til framtíðar skuli vera.

5) Fjármál 2016 – þróun útgjalda

JÁÐ fór yfir að kostnaðarbókun fyrir 2016 væri bara rétt að fara af stað. Fyrir liggja drög að yfirliti sem hægt er að taka út úr bókhaldskerfinu niður á verkefni og þannig fylgjast með þróun kostnaðar og vinnutíma. Stjórn samþykkir að fjármál stofnunarinnar verði tekin reglubundið fyrir á fundum sínum og þar verði lagt fram yfirlit yfir þróun útgjalda á móti fjárhagsáætlun. Þá geri framkvæmdastjóri stjórn jafnframt grein fyrir fyrirséðum eða óvæntum breytingum í rekstri sem hafi það veruleg áhrif að forsendur áætlunar haldi ekki. Tillögur til mótvægisáðgerða séu lagðar fyrir stjórn til umfjöllunar og afgreiðslu.

JÁÐ fór yfir stöðuna á endurskoðun og frágangi 2015 og stefnt er að því að vera með drög að ársreikningi 2015 á næsta fundi stjórnar.

6) Hagtölur/Hagvísar Austurlands

JÁÐ fór yfir stöðuna á verkefninu. Búið er að skipa starfshóp í kringum verkefnið og stendur til að kalla hann saman í næstu viku. Einnig er búið að óska eftir fundi fyrir formann og framkvæmdastjóra með forstjóra Byggðastofnunar.

7) Önnur mál

- Fundartími: Stjórn samþykkir að færa fundatíma til kl. 15:00 og breyta þannig fundaráætlun Austurbrúar. Dagsetningar fram á sumarið halda.
- Erindi frá Seyðisfirði: JÁÐ for yfir erindi auk svarbréfs sem hún hafði sent bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar er varðar mönnun starfsstöðvar á Seyðisfirði. Stjórn hefur engu við svarbréf framkvæmdastjóra að bæta annað en að ítreka bókun sem sett var fram af stjórn þann 7. nóvember 2013 sem enn er í fullu gildi. Þar kemur fram að næstu störf sem auglýst verða hjá Austurbrú og eru ekki háð annarri staðsetningu verði með staðsetningu á Seyðisfirði, Djúpavogi og/eða Vopnafirði sem allar eru einmenningsstarfsstöðvar. Stjórn leggur áherslu á mikilvægi upphaflegra áætlana um dreifsetta þjónustu stofnunarinnar og ráðningar taki mið af starfsemi og þörf fyrir mönnum á hverjum og einum stað. Eins og kunnugt er hefur forgangsverkefni stjórnar verið að vinna að lausn á fjárhagsvanda stofnunarinnar og auka svigrúm hennar til að vera drifandi afl í þeim málaflökkum sem henni eru falin. Hluti lausnar á fjárhagsvanda er að nýta sem kostur er mannaúð sem stofnunin býr yfir og færa hann milli verkefna eftir því sem skuldbindingar standa til. Með efldu fjárhagslegu svigrúmi skapast tækifæri til sóknar sem verða nýtt m.a. til að styrkja mannaúð stofnunarinnar og þá efla starfsstöðvar hennar í samræmi við áherslur sem liggja til grundvallar umsömdum skuldbindingum.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið kl. 16:30

Gunnar Jónsson

Sigrún Blöndal

Sveinn Jónsson

Gauti Jóhannsson

Sæunn Stefánsdóttir

Berglind Häsler